

Aðalfundur Hvetjanda hf.

Aðalfundur Hvetjanda hf. eignarhaldsfélag vegna rekstrarársins 2019, verður haldinn fimmtudaginn 1. október 2020, kl. 13:00 í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum. Fylgir með fundarboði.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Stjórn félagsins stefnir að því að uppfylla allar nauðsynlegar sóttvarnir á fundinum, en í ljósi þeirra fordæmalausis aðstæðna sem nú ríkja vegna heimsfaraldurs COVID-19 mun fundarmönnum einnig verða gefinn kostur á að taka þátt í fundinum rafrænt í gegnum fjarskiptabúnað. Þeir sem þess óska eru beðnir um að hafa samband við framkvæmdastjóra í netfangið kgjo@simnet.is eigi síðar en 29. september og verða þá sendar leiðbeiningar.

Þeir hluthafar sem óska eftir að fá sendan ársreikning geta sent tölvupóst á netfang framkvæmdastjóra kgjo@simnet.is frá og með 24. september 2020.

Ísafirði 15. september 2020

f.h. stjórnar Hvetjanda hf. eignarhaldsfélag



Kristján G. Jóhannsson, framkvæmdastjóri

Tillaga að breytingu á samþykktum Hvetjanda hf.

Lögð fyrir aðalfund 1. október 2020

Breyting á 1. mgr. 12. greinar

Hún hljóðar svo í núverandi samþykktum

„Félagsstjórn skal **boða** til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.“

Tillaga stjórnar er að hún hljóði svo:

„Félagsstjórn skal **boða** til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.“

Greinargerð:

Hér er um minniháttar breytingu að ræða, einungis verið að færa boðun aðalfundar og aukafunda til nútímalegra horfs.